

35

27. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 12 1. febr. 1936, um búreikningaskrifstofu ríkisins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Ríkissjóður skal endurgreiða Búnaðarfélagi Íslands kostnað við búreikningaskrifstofuna, þar á meðal til útgáfu búreikningaskýrslna og eyðublaða til innfærslu búreikninga, en þó má sá kostnaður ekki fara fram úr 5000 krónum á ári.

2. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Skólabúum bændaskólanna og öðrum ríkisstofnunum, er reka landbúnað, er skylt að færa búreikninga eftir fyrirmælum búreikningaskrifstofunnar og þeim fyrirmyndum, sem hún segir fyrir um. Búreikninga þessa með fylgiskjöllum, eða afrit af þeim, skal senda búreikningaskrifstofunni til athugunar eftir lok hvers reikningsárs. Athugasemdir þær, er hún kann að gera við reikninga þessa, skal senda landbúnaðarráðuneytinu, sem gerir ráðstafanir til, að því verði þegar komið í lag, sem kann að reynast ábótavant samkvæmt þeim.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

36

27. júní

L Ö G

um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „stýrimanna og vélstjóra“ í 2. málsg. 13. gr. laganna komi: stýrimanna, vélstjóra og loftskeytamanna.

2. gr.

Í stað orðanna „stýrimaður eða vélstjóri“ í fyrri málsg. 32. gr. laganna komi: stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður.

3. gr.

36

Í stað orðanna „stýrimaður eða vélstjóri“ í 2. málsg. 41. gr. laganna komi: stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður.

4. gr.

Á eftir 48. gr. laganna komi ný grein, er verður 49. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan á eftir samkvæmt því):

Það er skylda loftskeytamanns einkanlega að annast gæzlu loftskeytataækjanna. Hann ber ábyrgð á rekstri þeirra, meðferð og viðhaldi.

Sé umbúnaði loftskeytataækja, uppsetningu þeirra eða öðrum frágangi á einhvern hátt ábótavant, að áliti loftskeytamanns, skal hann tafarlaust tilkynna það skipstjóra.

Loftskeytamaður heldur sérstaka dagbók og ábyrgist, að rétt sé ritað.

5. gr.

Í stað orðanna „stýrimaður eða vélstjóri“ á tveim stöðum í 1. málsg. 64. gr. laganna komi: stýrimaður, vélstjóri eða loftskeytamaður.

6. gr.

Í stað orðanna „stýrimenn og vélstjóra“ í 70. gr. laganna komi: stýrimenn, vélstjóra og loftskeytamenn.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

37

um breyting á lögum nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip.

27. júní

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Framan við 3. gr. laganna bætist ný málsg., er svo hljóðar:

Ríkissjóður leggur Samábyrgðinni stofnfé, kr. 500000.00, er greiðist með jöfnum greiðslum á næstu 10 árum, 50 þúsund kr. á ári.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.